

Borholur í Mosvallahreppi (4704) og á Flateyri (4705)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/033

Nóvember 2013

Inngangur

Í þessari greinargerð eru upplýsingar um staðsetningu og ljósmyndir af borholum í Mosvallahreppi hinum forna að frátöldum nokkrum kaldavatnsholum í og við þéttbýlið á Flateyri. Flateyrarhreppur hinum forna var skipt út úr Mosvallahreppi og eru mörkin um Breiðadalsá. Þannig eru holur VA-01 og YV-01 í Mosvallahreppi en allar hinar í Flateyrarhreppi. Á Flateyri (Eyri) eru aðeins þrjár holur með staðsetningum í þessari greinargerð, FE-16, FE-17 og FE-18. Í 1. töflu eru upplýsingar um allar borholur í hreppunum tveimur og á 1., 2., 3. og 4. mynd eru sýndar staðsetningar þeirra sem þekktar eru.


1. tafla. Upplýsingar um borholur í Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi.

Staðarnúmer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
38701	VA-01	Vaðlar	102	?	65° 59.415	23° 26.206
38851	YV-01	Ytri-Veðrará	?	?	66° 01.045	23° 24.477
38831	BRA-01	Fremri-Breiðadalur	60	1998	66° 01.438	23° 22.249
38832	BRA-02	Fremri-Breiðadalur	60	1998	66° 01.447	23° 22.098
38833	BRA-03	Fremri-Breiðadalur	59,5	1998	66° 01.474	23 21.784
38834	BRA-04	Fremri-Breiðadalur	59,5	1998	66° 01.442	23° 22.182
38835	BRA-05	Fremri-Breiðadalur	60	1998	66° 01.415	23° 22.559
39133	BR-03	Fremri-Breiðadalur	103,3	1989	66° 01.851	23° 20.205
38811	HV-01	Hvilft	156	1977	66° 03.013	23° 29.274
38802	FE-01	Eyri	9,5	1967		
38803	FE-02	Eyri	14	1967		
38804	FE-03	Eyri	30	1992		

38805	FE-04	Eyri	45	1992		
38806	FE-05	Eyri	14,5	1992		
38807	FE-06	Eyri	14	1993		
38808	FE-07	Eyri	5,5	1993		
38809	FE-08	Eyri	54	1995		
38810	FE-09	Eyri	12			
38821	FE-10	Eyri	12			
38822	FE-11	Eyri	12			
38823	FE-12	Eyri	12			
38824	FE-13	Eyri	12			
38825	FE-14	Eyri	12			
38826	FE-15	Eyri	12			
38827	FE-16	Eyri	105	1998	66° 03.127	23° 29.717
38828	FE-17	Eyri	57	1998	66° 03.459	23° 31.581
38829	FE-18	Eyri	57	1998	66° 03.479	23° 31.529



1. mynd. Staðsetningar borholna í Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi.



2. mynd. Staðsetning borholna í landi Fremri-Breiðadals.



3. mynd. Staðsetning borholna í landi Eyrar.

VA-01 - Vaðlar

Borhola VA-1 er skammt utan við útihúsin á bænum Vöðlum. Holan er í túnjaðri og með hatt og í ágætu ástandi. Alvarr ehf. boraði (4. mynd).



4. mynd. Borhola VA-01 á Vöðlum.

YV-01 - Ytri-Veðrará

Óskráð hola sem boruð var af Alvarr ehf. sama árið og borað var á Vöðlum. Hún er við suðaustur hornið á stórrri skemmu. Holan er boruð innan markar sérstakrar lóðar í landi Ytri-Veðrará. Holan er með hatti og í mjög góðu ástandi (5. mynd).



5. mynd. Borhola YV-01 á Ytri-Veðrará.

BRA-05 - Fremri-Breiðadalur

Borhola BRA-05 er 15-20 metra innan við stóra skemmu sem er innst og efst húsa í Fremri-Breiðadal. Holan er undir stóru fiskikari og í henni er dæla. Vatnið er notað til neyslu í Fremri Breiðadal (6. mynd).



6. mynd. Borhola BRA-05 í Fremri-Breiðadal.

BRA-01 - Fremri-Breiðadalur

Borhola BRA-01 er um 240 metra austur af holu BRA-05 og framan við bæinn. Hún er í óslægju milli túna sem er mörkuð af skurðum á þrjá vegu. Holan er með loki og í góðu ástandi en sést illa (7. mynd).



7. mynd. Borhola BRA-01 í Fremri-Breiðadal.

BRA-04 - Fremri-Breiðadalur


Borhola BRA-04 er um 50 metrum austan við borholu BRA-01 og er í ræktuðu túni. Holan er með loki og í góðu ástandi (8. mynd).



8. mynd. Borhola BRA-04 í Fremri-Breiðadal.

BRA-02 - Fremri-Breiðadalur

Borhola BRA-02 er um 60 metrum austar en hola BRA-04 og í sama túni. Holan er með loki og í góðu ástandi (9. mynd).



9. mynd. Borhola BRA-02 í Fremri-Breiðadal.

BRA-03 - Fremri-Breiðadalur

Borhola BRA-03 er um 240 metrum austan við borholu BRA-02 og er á norðurbakka Langár. Hún er í uppgróinni urð. Holan er með loki og er í góðu ástandi en sést illa (10. mynd).



10. mynd. Borhola BRA-03 í Fremri-Breiðadal.

HV-01 - Hvilft

Borhola HV-01 erum um 350 metra utan við bæinn Hvilft og er þar á grónum bakka um 40 metrum neðan við þjóðveginn. Á holunni er lok og grennra rör upp sem nú er bogið og er holan farin að láta á sjá (11. mynd).



11. mynd. Borhola HV-01 á Hvilft. Hvilftarbærinn í baksýn.

FE-16 - Eyri

Borhola FE-16 er um 350 metra innan við Sólbakka. Hún er skammt ofan við gamla þjóðveginn sem liggur uppi á bökkunum. Holan er með loki og er í góðu ástandi (12. mynd).



12. mynd. Borhola FE-16 á Eyri.

FE-17 - Eyri

Borhola FE-17 er um 450 metra utan við Flateyri. Þar er vegar slóði og frá honum annar slóði niður undir fjöruna. Þar sem slóðarnir mætast er hola FE-17. Hún er með loki og í góðu ástandi (13. mynd).



13. mynd. Borhola FE-17 á Eyri.

FE-18 - Eyri

Borhola FE-18 er um 450 metra utan við Flateyri. Holan er um 50 metra beint upp af holu FE-17. Hún er með loki og í góðu ástandi (14. mynd).



14. mynd. Borhola FE-18 á Eyri.